

Fundur 15.4.2024 Haukur Sigtryggsson.

Komið þið blessaðir og sælir félagar.

*Ja góða kvöldið, blessaður.*

Haukur Sigtryggsson.

*Já, komdu sæll gott að heyra í þér.*

Já,

*Vertu hjartanlega velkominn Haukur, dóttir þín er ekki núna.*

Já, ég reyni að koma sem fyrst aftur og ég heyrði í honum frænda, afa þínum Þorsteinn (Já), hann sagði að ástæði væri ekki gott til að halda fundi, þar sem truflanir hefðu verið, en vonast til að það fari batnandi, hann vill endilega senda kveðju og vonandi komast í sambandið fljótlega.

*Takk fyrir það kærlega, ég sendi afa mínum kveðju á móti, ég hef verið að lesa greinarnar hans í Félagsblaði Nýalssinna og meira áttað mig á því hvað þetta er merkilegt allt saman, með það frá stofnun félagsins og svo framvegis og þessar dýrmætu greinar þarna eftir Ingvar og fleiri.*

Já þeir fylgdu kenningum dr. Helga af mikilli nákæmni og gerðu mjög merkilegar athuganir á draumum og ýmsu öðru, sem mega ekki gleymast og faðir þinn var einmitt að, þau hafa nú farið í svo lítið frí hjónin, foreldrar þínir og ætla að koma í sambandið, en þau eru að rifja upp æskudagana aftur og munu svo reyna að koma í sambandið, en hann sagði þegar hann var nýkominn að hann hefði gert athuganir á mörgu sem þið rædduð saman um, í sambandi við þessi fræði, og verið að velta því fyrir sér, sem fyrir hann bar í umskiptunum og vonandi að hann komi inn á það þegar hann kemst í sambandið sjálfur.

*Já ég hlakka til þess.*

Já ég hef komið mér hér vel fyrir og eru vinir og ættingjar mér nálægir og faðir minn sem er nú löngu farinn, er ný kominn á annan hnött og móðir mín fylgdi með og hafa þau verið að segja okkur merkilegar sögur.

En var það ánægjulegt að komast hingað og hitta aftur margt fólk sem ég hafði ekki séð lengi og hann faðir minn hefur verið með erindi sem hann kallar, munurinn á vélrænni framvindu og lífrænni, og fléttar hann því inn í Nýölsk fræði að hann er vélfræðings menntaður, og veit ég að hann vill gjarnan við ykkur tala við tækifæri.

Já hef ég fylgst með Regínu úr fjarska og gleður það okkur hjónin mjög að hún skuli vera farin að fylla í skarðið sem ég lét eftir mig og höfum við einnig frétt að þeim heilsist vel og gleður það okkur einnig.

Sveinn er mörgum hjálparhella sem hingað koma, en konan, það er erfitt að útskýra þetta, það er amma konunnar hans, hefur farið huldu höfði og ekki gefið upp rétt nafn, en margt er rétt við það sem hún segir, og,

*Heitir hún ekki Kristín ?*

Ekki nákvæmlega, það er eitthvað meira, lengra nafnið og sjóðirnir, hún á sér erfiða æsku og lenti í erfiðleikum, hún er tengd Þýskalandi, en afkomendur hennar eru hér enn og yndælis konur.

Hún er ákveðin manneskja og hefur unnið merkileg afrek á sínu sviði, en fortíð sína vill hún hylja, vona að við getum komið betur að því síðar, en allt er þetta merkileg saga sem þarf að segja.

Og spádómar þeir sem félagið sem hún er í, hafa ekki allir ræst um dr. Helga Pjeturss, en sumir af þeim hafa þeir ræst, og er það mjög merkilegt mál að mannkynssagan lýsir sigrum og ósigrum og árásum á hina mikils háttar menn, eins og dr. Helga Pjeturss, og mun það einnig vera rétt að aðrar drepsóttir hafi verið sendar til jarðarinnar til að efla Jahve og hans veldi og draga niður í þekkingu og framförum.

Eins og endir varð á munnlegri geymd heiðinnar manna, þegar svarti dauði lagði í rúst heilu sveitirnar og er það betur og betur að koma í ljós, eftir því sem fleiri tala fyrir miðilsmunn og lýsa lífi sínu á þeim tíma sem blótuðu á laun eins og sagt er og höfðu starfsemi í hofum sínum og hörgum og þar sem það var munnleg geymd, var það miklu meiri skaði af því mannfalli, sem lagðist þungt á sumar sveitir.

Og mun það hafa verið skipulagt til þess að valda þjóðfélags breytingum og auka veg kirkjunnar sem mest og kirkjan sem sölsaði undir sig jarðir í kjölfarið og það víst engin tilviljun.

Já það er rétt að Sveinn hefur tekið á sig mikla vinnu og miðilsstörf og mis þreyttur, en vonandi að hann komist hress í sambandið einnig fljótlega og segi ykkur frá ýmsum merkilegum tíðindum sjálfur og á hann eftir að segja ykkur frá umskiptunum yfir á þennan hnött sem voru ekki vandræðalaus, en höfum við eitthvað frétt af því betur.

Ég vil að lokum segja að ég hef hlustað með athygli á þær verur sem kalla sig álfa og huldufólk og hef ég haft áhyggjur af jarðhræringum á gamla Íslandi og eru þær margar og mis jafnar spárnar og vona ég að ykkur gangi vel og losnið undan sem mestu af því.

En þær eru mjög merkilegar þessar frásagnir og samskiptin á milli þessara tegunda, sem vissulega eru oft friðsamlegar, en ekki alltaf, og vona ég að þið sýnið þeim fulla athygli og var ekki laust við að ég skynjaði slíkt einstaka sinnum í nánd við heimili mitt, hafði ég mis hátt um það,.

En hér hef ég einstaka sinnum tekið í kveðskap, eins og ég átti til, og væri ánægjulegt ef ég gæti komið eins og einni vísu til ykkar við tækifæri, en það verður að bíða.

*Endilega, ég hlakka til þess.*

Bið ég kærlega að heilsa mínu fólki, og þið segið þeim að það gleður okkur innst að hjartarótum að vita að hún sé hér stundum hjá ykkur og vonandi að ég komist í sambandið fljótlega eða móðir hennar eða aðrir, við sjáum til með það.

Ég þakka fyrir mig, verið þið sælir kæru félagar og gangi ykkur sem best.

*Þakka þér fyrir, mig langar að benda þér á að við eigum hér vísurnar sem þú skrifaðir niður og afhentir mér.*

Þakka þér fyrir það er gott að vita að þú haldir því til haga.

*Já það er allt hér hjá okkur.*

Ég hef verið að fást við þetta herna líka í nýju jarðlífi, en þakka þér fyrir félagi og við heyrumst síðar, verið þið sælir.

*Ég þakka þér fyrir, vertu blessaður Haukur.*